



Kór A1AA03

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

Kennari	Stefán Þorleifsson (SP) - stebbi@fsu.is
---------	--

Áfangalýsing:

Kórsöngur. Sungin er tónlist frá ólíkum tímaskiðum tónlistarsögunnar. Sungið er frá einni og upp í fjórar raddir (SATB). S: Sópran A: Alt T: Tenór B: Bassi. Einnig munu hljóðfæraleikarar og einsöngvarar innan hópsins verða nýttir eins og kostur er. Æfingar eru tvær á viku. Ein fyrir SATB (alla) og ein fyrir (TB) / (SA). Mæting er afar mikilvæg því þetta er hópstarf sem byggir á samvinnu. Skylt er að mæta við brautskráningu í lok annar og taka þátt í tónlistarflutningi með kórnum í heild.

Undanfari: enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Fjölbreyttum raddgerðum og raddfærslum í flutningi tónlistar.

Ólíkum straumum og stefnum í tónlist.

Grunnatriðum í söng.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Að læra á sína eigin rödd, raddbeiting.

Að hlusta eftir öðrum röddum samtímis eigin söng.

Að fylgja stjórnun.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Miðla áfram tónlist til áheyrenda.

Vinna að sameiginlegum markmiðum hópsins.

Námsefni:

- Nemandi ber að sækja app (Chorimate). Inni á þessu appi munu liggja nótur sem notaðar verða í kórstarfinu. Einnig er hægt að opna síðuna www.choirmate.com og

logga sig þar inn og prenta út nótur ef það hentar betur. Á æfingum skal styðjast við síma eða spjaldtölvu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vikulegar æfingar fara fram skv. stundaskrá á þriðjudögum kl. 15:30-17:20
Að auki æfa:

1. Sópran og alt (SA) á föstudögum kl. 14:30-15:25
2. Tenór og bassi (TB) á miðvikudögum kl. 12:10-13:05

Námsmat byggir á þátttöku í æfingum og tónleikum.

Lokapróf áfangans er þátttaka á Jólatónleikum Kórs FSu þriðjudagskvöldið 26. nóvember í sal skólans.

Einnig er stefnt að upptökum á 1-2 lögum til útgáfu.

Sérreglur áfangans:

Kórfélagar þurfa að vera meðvitaðir að í einhverjum tilvikum er æft og sungið utan hefðbundinnar stundaskrár. Ítrekað skal að kórfélögum ber að syngja við brautskráningu í lok annar.

Stjórn kórs leggur línur um klæðaburð sem kórfélögum ber að fylgja eftir.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 20. ágúst 2024. Stefán Þorleifsson